

Umhverfisstofnun
Áb. 51

29. okt. 2019
08.05.01

Tilv UST201806-147

Flóahreppi 23. okt. 2019

Við undirritaðir íbúar í Volatúni í Flóahreppi mótmælum því harðlega að leyfi verði veitt fyrir áframhaldandi rekstur Kjötmjölsverksmiðjunnar Orkugerðin án þess að fram fari ítarleg úttekt og lagfæringer á tækjabúnaði en í skjali UST201806-147 segir:

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BREF).


Lyktarmengun hefur verið óásættanleg undanfarin ár, dauninn leggur hér yfir en samkvæmt starfsleyfistillögu, skjal UST201806-147 þá eru kvaðir þessar:

3.4 Lyktarmengun og afsog

*Rekstraraðili skal halda lyktarmengun og annarri loftmengun í lágmarki með því að tryggja að hráefni berist ferskt til verksmiðjunnar, verkferlar skulu draga úr hættu á lyktarmyndun við vinnslu og með því að **starfrækja búnað sem eyðir lyktarefnum út, t.d. brennara sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri eða með hjálparefnum á borð við ósón.** Heimilt er að blanda saman lofti frá hráefnissjóðurum við loftið í brennara.*

Ekki er að sjá að ofangreindri grein, 3.4 hafi verið fylgt því fýlan er óbærileg.

Eins og sést á meðfylgjandi mynd, sem er vindatlas af vefnum www.vedur.is, þá er ríkjandi vindátt beint af verksmiðjunni og á bæjarstæðið hjá okkur, sem er Volatún og sést á meðfylgjandi mynd.



Við ítrekum að ástand eins og hefur verið undanfarin ár er óboðlegt og gerum við þá kröfu að ef áfram verði veitt leyfi fyrir umræddum rekstri verði tækjabúnaður og starfsemi öll þess eðlis að búandi sé í nágrenni við verksmiðjuna.

*Stefania Þóra Þorvaldsson
1611597869* *Verksmiðja
Volatún*